

Alþingi
Erindi nr. P 143/1526
komudagur 8.4.2014

Neytendastofa
b.t. Tryggva Axelssonar
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2014
Tilv. yðar: 2014/0067 – 0.0.01

Efni: Vegna umsagnar um 213. mál – tilflutningur verkefna er varða markaðseftirlit með raftækjum

SVP - Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis Neytendastofu, dags. 28. mars sl., þar sem stofnunin fer fram á það að samtökin endurskoði sameiginlega umsögn SVP, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Samtaka rafverktaka frá 6. febrúar sl. um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar, 213. mál. Í umræddu erindi Neytendastofu er því haldið fram af hálfu stofnunarinnar að umrædd umsögn framangreindra samtaka byggist á röngum upplýsingum og ágiskunum umsagnaraðila á því hagræði sem kann að stafa þeim breytingum sem lagðar eru fram í frumvarpinu.

Að gefnu tilefni vilja SVP koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað varðar umrætt erindi Neytendastofu, þeirra ásakana sem þar koma fram sem og tilefni þess erindis.

Í fyrsta lagi benda SVP á það einsdæmi sem hér um ræðir, þ.e. að aðili sem undirorpinn er breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi og samkvæmt frumkvæði frumvarpshöfunda, í þessu tilviki allsherjar- og menntamálanefndar, gerir í eigin nafni jafn alvarlegar athugasemdir um faglega vinnu umsagnaraðila og inntak þeirra umsagna sem sendar eru á fastanefnd Alþingis. Um leið felst í slíkum ásökunum gagnrýni á frumvarpshöfunda jafnt sem umsagnaraðila enda er í umræddri umsögn tekið undir efni viðkomandi frumvarps sem og athugasemda við það.

Að sama skapi hlýtur það að teljast til undantekninga að opinber aðili geri slíka aðför að umsögnum hagsmunaaðila og fari fram á það að umsagnaraðilar endurskoði umsögn sína, umsögn sem bæði hefur verið unnin á faglegan hátt og endurspeglar skoðanir umsagnaraðila um atriði eða málefni sem betur mega fara að þeirra mati.

Að mati SVP er ekkert því til fyrirstöðu að aðilar, sem telja að umsagnir samræmist ekki einstökum hagsmunum sínum, geri grein fyrir þeirri gagnrýni sinni á réttum vettvangi, hvort sem það er með umsögn sinni til fastanefnda Alþingis eða á einstökum nefndarfundum. Hins vegar verður það að teljast með öllu óásættanlegt að umsagnaraðilar séu sendar sambærilegar áskoranir um að endurskoða umsögn um einstök þingmál með sama hætti og hér um ræðir. Að sama skapi er það verulega alvarlegt að hér er um að ræða erindi frá opinberum eftirlitsaðila sem m.a. hefur eftirlit með stórum hluta aðildarfélaga SVP en hætta er á því að í kjölfar slíks erindis séu uppi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutrægni stofnunarinnar í efa með réttu verði samtökin ekki við þeirri kröfu sem fram kemur í erindinu.

Í öðru lagi benda SVP að umrædd sameiginleg umsögn áður nefndra samtaka var unnin á faglegan hátt og til samræmis við þá hagsmuni sem aðildarfélög samtakanna telja vera af þeim breytingum sem lagðar eru til í umræddu frumvarpi. Þá sækir sú skoðun samtakanna sem þar kemur fram einnig stoðir í eldri umsagnir hagsmunaaðila varðandi þau sjónarmið sem fram koma í umræddri umsögn. Þá byggjast þau sjónarmið sem fram koma í umsögn samtakanna einnig af reynslu aðildarfélaganna þeirra af núverandi ástandi og samskiptum við eftirlitsaðila á þessu sviði og hvað megi betur fara varðandi núverandi fyrirkomulag.


Í þriðja lagi benda SVP á að hin sameiginlega umsögn samtakanna er í samræmi við meginþorra þeirra ábendinga sem fram komu í umsögnum umsagnaraðila um umrætt frumvarp og birtar eru á heimasíðu Alþingis. Í ljósi þessa á hin sameiginlega umsögn sem hér um ræðir samleið með skoðunum meirihluta umsagnaraðila um umrætt mál og því er ekki um að ræða umsögn sem er einsdæmi hvað varðar það mál. Með sömu rökum og haldið er fram í erindi Neytendastofu má því ráða að meginhluti umsagna um umrætt mál séu byggðar á röngu mati eða forsendum en verður að telja að slíkt sé harla ólíklegt.

Loks í fjórða lagi er það óhögguð skoðun SVP að það breytta fyrirkomulag sem lagt er fram í frumvarpinu sé til bóta hvað varðar stjórnsýslu varðandi umrætt eftirliti. Sú skoðun samtakanna stendur óhögguð sem fyrr.

Með vísan til framanritaðs eru hér með gerðar alvarlegar athugasemdir við það að vegið sé að faglegu starfi og mati samtakanna með þeim hætti og fram kemur í umræddu erindi Neytendastofu. Að sama skapi eru einnig gerðar alvarlegar athugasemdir við það að aðili, sem háður er breytingum samkvæmt frumvarpi, reyni með þessum hætti að hafa áhrif á umsagnir umsagnaraðila. Í ljósi þessa telja SVP ástæðu til að senda afrit af erindi þessu til upplýsingar á innanríkisráðuneyti og allsherjar- og menntamálanefndar.

Er framangreindu hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
f.h. SVP


Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri


Lárus M.K. Olafsson, hdl.
lögfræðingur

Afrit:

1. Innanríkisráðuneyti
2. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis